

**Nd.**

## **72. Frumvarp**

til laga um byggingu og rekstur strandferðaskips.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson, Tryggvi Þórhallsson, Jón Guðnason,  
Þorleifur Jónsson, Benedikt Sveinsson, Halldór Stefánsson.

### 1. gr.

Ríkisstjórnin lætur byggja 4–5 hundruð smálesta gufuskip til strandferða og eigi síðar en svo, að rekstur þess geti byrjað 1. maí 1928. Kostnaður við byggingu og rekstur skipsins greiðist úr ríkissjóði.

### 2. gr.

Skipið skal útbúið 70–80 teningsmetra kælirúmi og hafa að minsta kosti 40 sjómilna vökuhraða. Farþegarum sje ætlað 40–50 manns, aðallega á 2. og 3. farrými. Að öðru leyti skal skipið lagað til siglinga á vandgæfari og minni hafnir, sem aðalpóstskipið miður getur annast.

### 3. gr.

Heimilt er stjórninni að taka það lán til byggingar skipsins, er þörf kann að verða á.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 53 1913.

## **Ástæður.**

Frv. að mestu samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi og afgreitt í neðri deild með rökstuddri dagskrá til stjórnarinnar, með skirskotun til laga nr. 53 1913, og byggði dagskráin á því, að stjórnin, með bakjarli í þeim lögum, gæti ráðist í útvegum strandferðaskipsins. En með því að stjórnin hefir ekkert aðhafst í þessu efni og telur sig eigi hafa heimild til þess eftir nefndum lögum, þykir sjálfsagt að flytja frv. þetta af nýju.

Ár eftir ár eru samþyktaðar áskoranir til Alþingis á þingmálafundum viðsvegar um land um auknar og bættar strandferðir, einkanlega þó í þeim strjálbygðari og afspektari landshlutum, sem sumstaðar eru að sumarlagi sviftir póstgöngum á landi.

Það er löngu kunnugt, að ýms þessi hjeruð eru nú lakar sett um samgöngur en þau voru á undan heimsstyrjöldinni, og jafnvel lakar en þegar flóa-

bátar ófullkomnir á stríðstímanum hjeldu uppi hálfsmánaðar ferðum á vissum svæðum. Strandferðaskipið »Esja« annar ekki nægilega tíðum ferðum á allar hafnir landsins, nema annað skip ljetti af henni að einhverju leyti tafsömum flutningum, en auk þess er hún eigi hentug til siglinga á vandgæfar hafnir með grynslum og þröngum farleiðum.

Strandferðir millilandaskipanna, sem oft hefir verið bent á eins og upp-bót við þær reglulegu strandferðir, taka einkum til fjölmennari og stærri hafna, þar sem farmgjöld bjóðast mest. Þau eiga eðlilega sjaldan erindi á smáhafnir. Þess vegna verða smáhafnirnar hlutfallslega því ver settar um samgöngur, sem hinar hafnirnar fá fleiri viðkomur millilandaskipa.